

Æskulýðsstarf
Hestamannafélagsins Þyts



Starfsskýrsla 2012-2013.

Æskulýðsnefnd byts 2012-2013.

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður

Helga Rós Níelsdóttir

Irena Kamp

Póranna Másdóttir

Pórdís Helga Benediktsdóttir, tengiliður við stjórn

Uppskeruhátíð.



Í lok október 2012 var haldin uppskeruhátíð barna og unglunga í Félagsheimilinu Ásbyrgi. Að venju var vel mætt af unglingum, börnum og foreldrum þeirra. Boðið var uppá kökur og brauðmeti sem foreldrar og forráðamenn í æskulýðsstarfinu höfðu töfrað fram. Það er frábært hversu foreldrarnir og forráðamenn barnanna eru dugleg að fylgja þeim eftir í starfinu og hjálpa til við það sem við í nefndinni leitum eftir. Á hátíðinni voru veittar viðurkenningar fyrir knapa ársins í unglinga- og barnaflokki. Karitas Aradóttir var knapi ársins í barnaflokki og Helga Rún Jóhannsdóttir í unglingaflokki. Öll börn sem tekið höfðu á einhvern hátt þátt í vetrarstarfinu fengu gjafir frá Æskulýðsnefndinni. Formaður fór yfir starf liðins árs og það sem væri á döfinni á komandi ári. Æskulýðsnefndin þakkaði að lokum iðkendum kærlega fyrir samstarfið og foreldrum og aðstandendum sérstaklega fyrir frábæra þátttöku og viðtökur við hverskonar beiðni um aðstoð.

Prettándagleði.

Æskulýðsnefndin stóð að venju fyrir Prettándagleði í sveitarfélaginu á. Farin var hópreið með álfakóng og drottningu í



fararbroddi, ásamt álfameyjum, Grýlu, Leppalúða og nokkrum jólasveinum, margir tóku einnig þátt fótgangandi á eftir hersingunni. Allt voru það krakkar úr æskulýðsstarfi félagsins sem tóku hlutverkin að sér. Hópreiðin fór frá Kaupfélagsplaninu og stoppaði við sjúkrahúsið þar sem sungnir voru áramótasöngvar, þaðan var farið upp í reiðhöllin Þytsheima þar sem öllum var gefið kakó, kaffi og kökur sem foreldrar og aðstandendur í æskulýðsstarfinu höfðu framreitt. Þar voru tónlistaratriði, leikir og teymt undir börnum í reiðhöllinni. Þessi dagur tókst mjög vel í alla staði, og stóðu krakkarnir sig vel að vanda.

Fundir.

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu, bæði foreldrafundir um starfið og nefndarfundir.

Reiðþjálfun og fimleikar á hesti (voltigieren).

Mikill áhugi var á reiðþjálfun og fimleikum á hesti. Um 60 börn á öllum aldri tóku þátt í reiðþjálfun, fimleikum á hesti eða Knapamerki í vetur. 5 unglingar luku prófi í Knapamerki 2. Fanney Dögg Indriðadóttir sá um reiðkennsluna og Knapamerkin. Irina Kamp og Kathrin Schmitt sáu um fimleika á hesti. Þátttakan í reiðþjálfuninni var það mikil að hóparnir voru fjórir, mislangt komnir krakkar í þeim og fengu þjálfun við hæfi hvers hóps. Svo vorum við með þjálfun fyrir allra yngstu knapana, um hana sá Aðalheiður Einarsdóttir. Sú þjálfun var á laugardögum og komu foreldrarnir með því það þurfti að hjálpa sumum knöpunum, sem ekki voru háir í loftinu.




Mjög mikil þátttaka var í námskeiðinu fimleikar á hesti. Það eykur mjög jafnvægi krakkanna að taka þátt í æfingum sem þessum, einnig er það mjög gott fyrir þau sem hafa ekki aðgang

að hestum að geta verið á þessum námskeiðum og eykur þetta mjög áhuga þeirra á hestamennskunni. Í fimleikum á hesti var byrjendahópur og svo hópur fyrir lengra komna. Bæði var kennt í íþróttahúsinu á fimleikahestum og í reiðhöllinni á alvöruhestum.

Í desember í lok haustannar hestafimleikanna var hópurinn með mjög skemmtilega sirkussýningu í íþróttahúsinu á Laugarbakka þar sem krakkarnir voru með mörg mjög flott atriði. Þar fengu allir skemmtileg hlutverk sem hæfðu þeirra stöðu í þjálfunarferlinum. Þó eðlilega væri ekki verið með lifandi hest í íþróttahúsinu þá er hluti æfinganna að þjálfja jafnvægi, fimi og aga og fer sá hluti til að byrja með fram í íþróttahúsinu, enda eru hestafimleikahestarnir í fríi á haustin þar sem þeir þurfa sitt frí eins og aðrir. Mikið af skemmtilegum myndum eru frá sýningunni á heimasíðu Þyts (bein slóð:

<http://thytur.123.is/photoalbums/238091/>

Í apríl kom hópur hestafimleikakrakka og þjálfara úr heimahéraði Kathrinar, þau tóku þátt í æfingum og reiðhallarsýningu.



Í sumar fór hluti af hestafimleikahópnum til Þýskalands í æfingaferð.

Áfangastaðurinn var Fürstenfeldbruck, rétt hjá München. Skipuleggjendur ferðarinnar voru þjálfararnir Kathrin og Irina og gisti hópurinn heima hjá foreldrum Kathrinar og bróður. Mjög vel var tekið á móti þeim og var ferðin í alla staði mjög skemmtileg. Þau æfðu með hestafimleikafélaginu á staðnum og fengu að prófa að gera æfingar á stórum hestum. Þau fóru einnig í Ólympíuhöllina í München til að fylgjast með úrtöku fyrir heimsmeistaramótið í hestafimleikum.



Grunnskólamótin.

Æskulýðsnefndir hestamannafélaganna á Norðurlandi vestra halda þrjú mót yfir veturinn, sem þau kalla Grunnskólamót. Þá keppa krakkarnir fyrir þann skóla sem þau eru í og safna stigum. Mótin voru haldin í Arnargerði á Blönduósi, í Svaðastöðum á Sauðárkróki og í Þýtsheimum hér á Hvammstanga. Góð þátttaka var í þessum mótum. Þau eru byggð upp á því að allir geti tekið þátt og æft sig í að keppa. Keppt er í þremur aldursflokkum. Elsti hópurinn 8. – 10. bekkur keppa í tölti, fjórgangi, smala og skeiði. 4.-7. bekkur keppa í smala, tölti, og tví- eða þrígangi. Í tvígangi sýna þau fet og tölt eða brokk, í þrígangi sýna þau fet, tölt og brokk. Ekki þurfa þessi aldursflokkar að sýna stökk, enda getur það verið erfitt fyrir lítið reynda knapa inni í reiðhöllunum. Yngsti aldursflokkurinn í 1. - 3. bekk keppa í þrautabraut og fegurðarreið. Að venju vann Varmahlíðarskóli stigakeppnina, Húnavallaskóli varð í öðru sæti og Grunnskóli Húnaþings vestra í því þriðja, en þar eru Þýtskrakkarnir.

Sýningar.

Hestamannafélagið hélt í páska vikunni sýningu sem hét Hestar fyrir alla. Þar tóku krakkar úr æskulýðsstarfinu virkan þátt. Kappkostað var að á sýningunni væri hægt að sjá sem fjölbreyttasta nýtingu á hestinum, frá þægum fjölskylduhesti yfir í stólpa keppnishest og allt þar á milli. Veglegt opnunaratriði var þar sem yngstu krakkarnir tóku virkan þátt ásamt hluta af þeim eldri. Svo voru



allmörg atriði úr æskulýðsstarfinu inn á milli atriða fullorðna fólksins. Fullt af myndum má sjá af sýningunni á þessari slóð: <http://thytur.123.is/photoalbums/246463/>

Í byrjun maí var farið með skrautreiðaratriði á sýninguna Æskan og hesturinn á Sauðárkróki. Það er mjög skemmtileg sýning þar sem hópar úr æskulýðsstarfi hestamannafélaganna á Norðurlandi koma saman með nokkur sýningaratriði. Einnig taka öll félögin þátt í hópreið í upphafi sýningar. Mjög gaman að koma saman og sjá hvað hin félögin eru að gera og kynnast krökkunum og foreldrunum úr æskulýðsstarfinu hjá öðrum félögum.

Sumarið.

Krakkarnir og unglingarnir voru dugleg og að taka þátt í ýmsum keppnum í sumar bæði í heimahéraði og nálægum héruðum. Þó eru þau ekki eins mörg sem taka þátt í keppnum yfir sumarið eins og í reiðhallarmótunum á veturna. Þeim börnum og unglingum sem komust á Fjórðungsmót stóð til boða að fá leiðbeiningar og aðstoð frá Fanneyju Dögg Indriðadóttur. Flottir fulltrúar frá okkar félagi mættu svo galvaskir á Fjórðungsmótið og komust mörg þeirra í úrslit í sínum greinum. Þau voru einnig fulltrúar þyts í hópreiðinni.



Við í æskulýðsnefnd þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur. Foreldrar hafa verið mjög duglegir eins og áður að aðstoða við það sem þarf, enda gengi ekki svona starf nema með virkum foreldrum því margir eiga um langan veg að fara til að mæta á námskeið, æfingar eða keppni allan veturinn. Vonum við að starfið haldi áfram að blómstra eins og verið hefur undanfarin ár.

Mikið af myndum er hægt að sjá úr starfinu í myndaalbúmi á heimasíðu þyts thytur.123.is.

Kær kveðja

Æskulýðsnefnd þyts.